

Sþ. 463. Tillaga til þingsályktunar

um innflutning heimilsvéla.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að innflutnings- og gjaldeyrisleyfi verði veitt fyrir heimilsvélum, svo sem þvottavélum, hrærivélum, ryksugum, kæliskápum, bónvélum, strauvélum o. fl., svo fullnægt verði eftirspurn.

Greinargerð.

Jafnhiða þessari þingsályktunartillögu flyt ég frumvarp til laga á þingskjali 462 um lækkun tolla á búsaðhöldum og heimilsvélum. Í greinargerð fyrir því frumvarpi er gerð nokkur grein fyrir nauðsyn þess að greiða fyrir, að íslensk heimili geti tekið véltæknina í sína þjónustu við innanhússtörf. Þau rök skulu ekki tekin upp hér, en vísað til þeirrar greinargerðar. Á síðustu árum hefur eftirspurn eftir ýmiss konar heimilsvélum verið gífurlega mikil. Sem dæmi má nefna, að hjá Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis liggja nú pantanir um 534 þvottavélar, 538 kæliskápa, 615 hrærivélar og 147 strauvélar. Þrátt fyrir margar ítrekaðar beiðnir frá félagsins hálfu um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir þessum tækjum hafa þau ekki fengið. Þetta er aðeins eitt dæmi, en líku máli mun gegna um aðra innflytjendur, og ekki sízt þá, sem eru í þjónustu notendanna, sem sé samvinnufélögin.

Það er hörmulegt til þess að vita, að innflutningsyfirkvöldin hafa tregðazt við að veita innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir þessum bráðnauðsynlegu tækjum, á sama tíma sem flutt hafa verið til landsins kynstrin öll af alls konar óþarfa varningi, skaðlegum og óskaðlegum, og má þar til nefna áfengi, tóbak og alls konar fáránlegt glingur, öllum til óþurftar, nema ef telja skyldi braskara og okrara.

Hinn mjög takmarkaði innflutningur á heimilsvélum hefur og leitt til, að þær hafa verið seldar á svörtum markaði fyrir okurverð. Það er ekki óalgengt að sjá auglýstar „sem nýjar“ heimilsvélar til sölu hjá þessum og þessum borgara. Kunnugir vita, að margar af þessum auglýsingum eru svo til komnar, að heildsalar, sem hafa flutt þessar vörur inn, hafa fengið kunningja sína til að selja þær með þessum hætti. Þannig geta þessir heildsalar í senn hirt heildsalaálagningu, smásöluálagningu og okurálagningu hins svarta markaðs.

Benda má á það í þessu sambandi, að rafveitum fjölgar nú óðum í landinu. Þar með skapast skilyrði fyrir notkun heimilsvéla, sem knúðar eru rafmagni, á fjölda heimila, sem áður áttu hennar ekki kost. Einnig þetta styður að því, að rétt sé og nauðsynlegt að auka innflutning þessara tækja.